



SHÍ

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Alþingi
Erindi nr. P 138/2317
komudagur 17.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


14. apríl 2010

Umsögn um frumvarp til laga um skeldýrarækt

Nefndasvið Alþingis óskaði með tölvubréfi dagsettu 30. apríl 2010 eftir umsögn Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi við frumvarp til laga um skeldýrarækt, heildarlög 522 mál. Eftirfarandi er umsögn samtakanna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipuleggi og úthluti ræktunarsvæðum meðfram ströndum landsins án nokkurs samráðs við sveitarfélögin í landinu. Einu takmarkanir á ákvörðun ráðherra um skipulag og úthlutun ræktunarsvæða í túnfæti sveitarfélaganna er að afla umsagnar stofnanna ríkisins s.s. Matvælastofnunar, Orkustofnunar, Siglingamálastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Verulega skortir í frumvarpsdrögunum að tekið sé tillit til stjórmsýslulegra aðkomu sveitarfélaga. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga er ekki ætlað neitt hlutverk þrátt fyrir að eftirlitið hafi umsjón með mengunarrörnum og eftirlit með fráveitum sveitarfélaga. Að lágmarki væri rétt að heilbrigðiseftirlit fengi að gera umsögn um þessa starfsemi. Ekki er að sjá að bygginga- og /eða skipulagsfulltrúar eigi aðra aðkomu að skipulagi skeldýraræktunar í næsta nágrenni aðra en þá að gefa út yfirlýsingu þess efnis að mannvirki sem áformað er að nota við skeldýraræktina séu í samræmi við skipulag, sbr. 7 grein frumvarpsins. Sveitarfélögum er ætlað að gera skipulagsáætlanir sbr. skipulagslög, um þróun byggða og landnotkun sem hefur efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir íbúa sveitarfélagsins að leiðarljósi. Í gerð áætlna skal m.a. skal m.a. taka mið af umhverfi og áhrifum á náttúruauðlindir og gera samanburð á þeim kostum sem til greina koma. Ef frumvarpið verður af lögum er í raun verið að svipta sveitarfélögin réttinum til að skipuleggja landsvæði sveitarfélagsins sem er innan netlaga en eina hlutverk fulltrúa sveitarfélaganna verður að veita yfirlýsingu um húsnaði eins og áður segir. Ýmis skipulagsskyld starfsemi sveitarfélaga getur rekist á við hagsmuni skeldýraræktar s.s. mengandi starfsemi af ýmsu tagi, hafnarmannvirki og losun fráveituvatns það er því aðmati samtakanna mjög mikilvægt að sveitarfélögin eigi aðkomu að ákvörðunum um skiptingu ræktunarsvæða, sbr. 5. gr. frv. og leyfisveitingar skv. III. kafla frv.



SHÍ


Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna eiga samkvæmt reglugerð 796/1999 að flokka vatn þ.m.t. strandsjó. Sveitarfélögin skulu jafnframt samkvæmt reglugerðinni vernda og kortleggja vatnasvæði m.a. þau sem skulu njóta sérstakrar verndar eða hafa sérstöðu vegna nytja af ýmsu tagi. Það ber því ekki á öðru en að frumvarpið gangi gegn gildandi reglugerðum um vatnsvernd og markmiðum skipulagslaganna. Jafnframt er nauðsynlegt að tryggja að fyrirkomulag leyfisveitinga og eftirlits verði í sem bestu samræmi við frumvarp til laga um vatnsstjórn sem vænta má að verði að lögum á nástunni.

Bent skal á að í 12. gr. frv. þarf að gæta að því að ákvæði um framsal eftirlits sé inni í frumvarpinu, sbr. 22. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum. Lagt er til að við greinina bætist ný málsgrein er hljóði svo:

Matvælastofnun er heimilt að framselja eftirlit skv. 1. mgr., sbr. 22. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

Virðingarfyllst


Þorsteinn Narfason,
Ritari SHÍ.